

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 7.3.2024
UST202309-124/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 18. september 2023 þar sem áformað var að áminna Sorpu b.s. vegna frávíka er fram komu í eftirliti á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi þann 31. maí 2023. Þann 10. nóvember 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2. í starfsleyfi, a-liður. Þann 30. desember 2022 var tekið á móti og urðaður úrgangur úr olúskilju sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í viðauka I við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur eftirfarandi fram: „Verklag við móttöku úrgangs á urðunarstað SORPU í Álfsnesi er skýrt en starfsmaður á vigt krefur bílstjóra um upplýsingar um eðli og uppruna þeirra farma sem komið er með. Því næst er úrgangurinn skráður í viðeigandi gjaldskrárflokk, í þessu tilfelli flokkinn „ólífrænn dælanlegur úrgangur >20% þe. í urðun“ og uppruni pósthúmerið 210. Ofangreindur úrgangur kom í lokuðum dælubíl, sem gerir starfsmönnum erfitt um vik að sjónskoða úrganginn og staðfesta þar með réttleika upplýsinga, líkt og annars er gert. Í þessu tilfelli hefur starfsmaður ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um farminn. Í kjölfar þessa atviks hefur verið skert á verklagi og starfsmenn krefja nú úrgangshafa svara við ítarlegri spurningum til að koma í veg fyrir að sambærileg atvik geti átt sér stað.“**
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinargerð og sýna fram á að botn urðunarstaðar sé 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á svæðinu. Slík greinargerð hefur ekki borist eftirlitsaðila.

Greinargerðinni var skilað þann 21. nóvember 2023. Frávikinu telst lokið.

3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fullnægjandi skráningum, sbr. tl. 2-11. **Rekstraraðili skilaði fullnægjandi skráningum þann 21. nóvember 2023. Frávikinu telst lokið.**
4. Gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. sbr., 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að verklagi vegna skila á greinargerð um rekstur urðunarstaðar verði breytt. Hún verði unnin samhliða grænu bókhaldi fyrirtækisins og skilað fyrir 1. maí ár hvert.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. **Gjaldið er 60.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur